

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Garðabæjar.

1. Við birtingu á fundargerðum á vef Garðabæjar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi.
2. Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum. Þar geta verið um að ræða:
 - a. Gögn er varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
 - b. Gögn er tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
 - c. Gögn um upplýsingar um málefni starfsmanna.
 - d. Vinnugögn vegna undirbúnings ákvörðunar í málum.
 - e. Gögn er varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila.
 - f. Gögn er varða mikilvæga almannahagsmuni.
3. Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir um í 2. tl. en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.
4. Ákvörðun um birtingu gagna skal vera á ábyrgð þess aðila sem ritar fundargerð og annast birtingu hennar á vef Garðabæjar. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal bærarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum.
5. Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekið mál sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði skal beiðni um slíkt vísað til ákvörðunar bærarstjóra.
6. Reglur þessar eru setta með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd nr. 77/2000 og samþykktu um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.
7. Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarráðs Garðabæjar 31. mars 2015.

Garðabæ, 31. mars 2015

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.